

**99. fundur
fræðslunefndar
haldinn í fundarsal á 3. hæð,
miðvikudaginn 13. maí 2009 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Björn Sverrisson formaður, Katrín Pálsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Birna Á. Þórsteinsdóttir, foreldraráði leikskóla og Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari.

Fundargerð ritaði: Arna Sædal Andrésdóttir.

Dagskrá:

1.0905030 - Skýrsla Sigrúnar um starfið í leikskólanum (13.05.2009)

- Opið hús tókst mjög vel, góð mæting eins og alltaf.
- Boðið er upp á lengra sumarfrí með sama sniði og í fyrra. Þó nokkrir ætla að nýta sér það.
- Erum byrjaðar að taka inn börn í aðlögun og nú eru komin fjögur ársögmul börn og það fimmta á leiðinni í byrjun júní.
- Vorskóli hefst í dag með hefðbundnu sniði.
- 14. maí verður hreinsunardagur hjá leikskólanum.
- 15. maí verður ferð upp í nýrækt, þar sem skógræktarfélag Stykkishólms gefur leikskólanum nokkur fuglahús.
- Verið er að ganga frá ráðningu leikskólakennara í haust.
- Skóladagatal leikskólans er ekki alveg tilbúið.
- Talmeinafræðingur er væntanlegur 22. maí. Síðasta heimsókn hans á þessu skólaári.

Fyrirspurn: Verður skóladagatalið sett á netið þegar það er tilbúið? Já, verður sett á heimasíðu leikskólans.

2. 0905029 - Skýrsla Gunnars um starfið í grunnskólanum (13.05.2009)

- Flutningur yngsta stigs frá Skólastíg að Borgarbraut, lokavinna. Gunnar greindi frá stöðu mála.
- Maí – punktar GSS.
- Lagðir fram.

- Starfamannamál.

Þessari vinnu er að ljúka. Eftirtaldir aðilar verða umsjónakennarar næsta skólaár.

1. bekkur: Steinunn María Þórsdóttir.
2. bekkur: Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir.
3. bekkur: Alda Leif Jónsdóttir.
4. bekkur: Helga Sveinsdóttir.
5. bekkur: Sigurborg Sturludóttir.
6. bekkur: Lárus Ástmar Hannesson.
7. bekkur: Einar Gunnarson.
8. og 9. bekkur. Sameiginlegur umsjónarkennari.
10. bekkur: Elísabet Valdimarsdóttir

Einhver breyting verður á öðru starfsfólki.

- Skóladagatal 2009 – 2010.

Skóladagatal lagt fram. Er aðgengilegt á heimasíðu grunnskólans. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemmdir við skóladagatal GSS.

- Önnur mál:

Skólaráð. Gunnar greindi frá stöðu skólaráðs GSS. Lögin um skólaráð voru klár fyrr í vetur en reglugerðina um starfsemi skólaráðs vantaði, hún var ekki tilbúin fyrr en um daginn og því var ekki hægt að fullklára skipun í öll sæti fyrr. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Búið er að skipa í öll sætin nema foreldrafulltrúa.

Fyrirspurn: Hefur einhver endurskipulagsvinna í sambandi við skólalóðina að Borgarbraut átt sér stað? Nei, ekki að svo stöddu.

Fram kom ánægja með að slíta grunnskólanum svona snemma á vorin.

3. Önnur mál.

- Fjallað um fund sem arkitektar skólahúsnaðis áttu með bæjarstjórn, skólastjórnendum, starfsfólki og fræðslunefnd í byrjun maí varðandi hönnunarvinnu skólahúsnaðis.

- Fram fór umræða um sjálfsmat grunnskólans.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.15